Námskrá Heilsuleikskólans Bæjarbóls

Heilsuleikskólinn Bæjarból v/ Bæjarbraut

Sími 5121570

Netfang: baejarbol@leikskólarnir.is

www.baejarbol.is

Garðabær 2014

Efnisyfirlit

1. Skólanámskrá Bæjarbóls 3
2. Leikskólinn Bæjarból 4
3. Gæðastefna heilsuleikskólans Bæjarbóls. 5
4. Lýðræði, jafnrétti og mannréttindi 6
5. Nám í leikskóla 7
5.1 Leikur og nám 7
5.2 Nám í daglegu lífi 7
5.3 Nám í samkiptum 9
5.4 Nám í skapandi starfi og hugsun 9
5.6 Námsumhverfi og skipulag 9
6. Grunnþættir menntunar 11
7. Uppeldisstefna Bæjarbóls 12
7.1 Læra af reynslu 13
7.2 Heilsustefna Bæjarbóls 13
7.3 Jákvæður agi – Jákvæð sjálfsmynd 15
8. Samþætt og skapandi leikskólastarf 15
9. Námssvið leikskólans 16
9.1 Læsi og samskipti 16
9.2 Heilbrigði og vellíðan 17
9.3 Sjálfbærni og vísindi 18
9.4 Sköpun og menning 19
10. Þema 20
11. Hefðir og hátíðir 20
12. Brúum bilið – tengsl skólastiga 22
13. Foreldrasamvinna 23
14.1 Foreldrasamstarf 23
14.2 Foreldrafélag 23
14.3 Foreldraráð 23
14.4 Foreldrafundir og heimsóknir 23
14. Mat á námi og velferð barna 24
15. Mat á leikskólastarfi 25
16. Starfsáætlun 25
17. Yfirumsjón og sérfræðiþjónusta 26

1. Skólanámskrá Bæjarbóls

Ný aðalnámskrá var gefin út í maí 2011 og leysir hún af hólmi aðalnámskrá leikskóla, sem gefin var út í júní 1999. Fyrri hluti nýrrar aðalnámskrár er sameiginlegur fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og seinni hluti hennar fyrir hvert skólastig.

Í nýrri aðalnámskrá birtist ný menntastefna sem hefur það meginmarkmið að rækta með markvissum hætti þá þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkir getu einstaklingsins í framtíðinni til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Kjarni menntastefnunnar er settur saman úr sex grunnþáttum: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Lögð er áhersla á að kennarar og stjórnendur fái svigrúm til að þróa leikskólastarfið á faglegan og skapandi hátt.

Skólanámskrá skal byggja á aðalnámskrá og á að vera sáttmáli um uppeldi og nám í leikskólanum, þar sem allir koma að þeirri vinnu, starfsmenn, foreldrar og börn. Námssvið leikskólans eru læsi og samskipti, heilbrigði og velferð, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Starfsmenn unnu saman að endurmati og endurvinnu á nýrri skólanámskrá. Leitað var til foreldra og barna í viðhorfskönnunum og spurningalistum varðandi ýmsa þætti í skólastarfinu og síðan leitað eftir umsögn foreldraráðs um nýja skólanámskrá.

2. Leikskólinn Bæjarból

Bæjarból er fyrsti leikskólinn í Garðabæ sem byggður er sem slíkur. Árið 1976 var fyrsta deildin tekin í notkun og var þá Sigurlaug Gísladóttir frá Hofsstöðum í Garðabæ forstöðukona en hún var frumkvöðull í leikskólamálum bæjarins. Árið 1978 var önnur deild tekin í notkun og ári síðar þriðja deildin. Þar með var Bæjarból orðinn að þriggja deilda leikskóla með 56 vistrýmum fyrir hádegi og 56 eftir hádegi. Byggingin þótti nútímaleg á þeirra tíma mælikvarða og þótti til fyrirmyndar hversu gott útileiksvæðið var.

Árið 1996 var byggt við leikskólann 25 fm. rými þar sem er aðstaða starfsmanna þ.e. kaffistofa og vinnuherbergi starfsmanna. Þremur árum síðar var aftur hafist handa um stækkun skólans og nú um 255 fm. Bætt var við einni deild ásamt eldhúsi og einnig langþráðum sal fyrir hreyfingu og ýmsar uppákomur. Viðbyggingin var formlega tekin í notkun 1. apríl 2000 og sama ár var útileiksvæðið endurskipulagt.

Haustið 2010 stækkaði Bæjarból tímabundið, var tvo vetur með 5 ára deild í húsnæði Flataskóla og haustið 2011 bættist við ein deild í litlu húsi í garðinum. Í dag er Bæjarból fimm deilda leikskóli í tveimur húsum og þar dvelja um 96 börn samtímis.

Bæjarfélagið Garðabær sér um rekstur Bæjarbóls samkvæmt lögum og reglugerðum um rekstur leikskóla. Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri.

Deildir leikskólans heita Hraunholt, Hnoðraholt, Móholt, Nónholt og Vinaholt. Deildirnar eru aldursskiptar og ræðst það af fjölda barna í hverjum árgangi hvernig sú skipting er.

Opnunartími
Leikskólinn opnar 7:30 og lokar 17:00 alla virka daga.

Dvalartími
Dvalartími barna er misjafn og getur verið frá 4 klst. upp að 9,5 klst. að hámarki. Foreldrar undirrita dvalarsamning barns í fyrsta foreldraviðtali og ákveða þar með dvalartímann. Breytingar á þeim tíma þurfa foreldrar að sækja um til leikskólastjóra fyrir 15. hvers mánaðar og er reynt er að verða við óskum foreldra. Lögð er áhersla á að dvalartími barna sé virtur og þau ekki höfð lengur í leikskólanum en dvalarsamningur segir til um.

Trúnaður
Starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu um alla þá vitneskju sem það fær í starfi um málefni barna og foreldra. Þagnarskylda helst þó starfsmenn láti af störfum.

Foreldrar eru beðnir að sýna öðrum foreldrum og börnum þann trúnað að ræða ekki málefni þeirra fyrir utan leikskólann. Gagnkvæmur trúnaður er mikilvægur öllum börnum og foreldrum og eykur traust innan leikskólans.

Myndir sem foreldrar taka á viðburðum leikskólans eru til einkanota og þær á ekki að birta.

3. Gæðastefna heilsuleikskólans Bæjarbóls.

Í leikskólanum er unnið eftir gæðakerfi sem byggir á sameiginlegri ákvörðun starfsmannahópsins um vinnubrögð og starfshætti. Markmið gæðakerfisins er að ná markvissari vinnubrögðum og þar með betri árangri. Aðalnámskrá leikskóla og skólastefna Garðabæjar er rammi utan um starfið og út frá henni höfum við unnið gæðahandbók sem inniheldur skólanámskrá ásamt vinnulýsingum. Skólanámskráin og vinnulýsingarnar eru í sífelldri endurskoðun.
Meginhlutverk okkar er að stuðla að almennri menntun barnanna og leitast við að haga störfum okkar eftir stöðu og þörfum barnanna. Leikskólastarfið á að miða að virkri þátttöku barnanna í lýðræðissamfélagi innan skólans og utan.

Gæðastefna leikskólans:

- virða leik barnanna og ýta undir hæfileika þeirra til að njóta augnabliksins
- efla lífsgleði og samskiptahæfni barna
- umhverfið hvetji börnin til sjálfsnáms og þroska og að viðfangsefnin séu við hæfi hvers og eins
- huga að heilbrigði, hollustu, hreyfingu og hreysti
- fá leikskólakennara eða annað uppeldismenntað fólk til starfa
- starfsfólk sæki námskeið og fyrirlestra sem bæta við fyrri kunnáttu og nýtist í starfi
- eiga gott samstarf við foreldra og heimili
- hafa samfellu í námi elstu barnanna
- efla börnin í að vera hugmyndaríkir einstaklingar sem geta unnið sjálfstætt og í samvinnu við aðra.

4. Lýðræði, jafnrétti og mannréttindi

Leikskólinn Bæjarból er samfélag í mótun, sem samanstendur af börnum, foreldrum og starfsfólki. Allir þurfa að finna til samábyrgðar gagnvart sjálfum sér og öðrum. Börnin þurfa að vera virkir þátttakendur til að þroskast og njóta sín á eigin forsendum. Í leikskólanum felst lýðræðið m.a. í að hlusta með opnum huga og grípa tækifæri þegar hugmyndir koma frá börnunum. Með því kynnumst við börnunum og berum virðingu fyrir hugmyndum þeirra og leik. Allir eiga að hafa sama rétt og sömu tækifæri til náms. Leikskólanum ber að skipuleggja skólastarfið þannig að þörfum barnanna sé mætt í samstarfi við foreldra og rekstraraðila.

Samskiptasáttmáli Bæjarbóls

Leikskólinn Bæjarból hefur skráðan sáttmála um samskipti. Við viljum að samskipti einkennist af gleði, samvinnu og virðingu. Sáttmálinn nær til allra í skólasamfélaginu, starfsmanna – foreldra – barna. Við viljum að skólabragur leikskólans einkennist af umhyggju og nærgætni, þannig verða góð tengsl milli barna, starfsmanna og foreldra.

Gleði og ánægja

Börn og starfsfólk hlakki til að koma í leikskólann og fái að njóta sín á eigin forsendum. Einnig að sýna öðrum áhuga, samkennd og leggi sig fram við að brosa, hrósa og vera glaðir.

Samvinna og jákvæðni

Starfsfólk hjálpist að með jákvæðum hug að láta starfið ganga hvern dag eftir því skipulagi sem ákveðið er hverju sinni. Allir hjálpast að með öll börn og taka virkan þátt í starfi leikskólans. Mikilvægt að deila upplýsingum um börn og skipulag á milli deilda.

Virðing og heiðarleiki

Mikilvægt er að hlusta á aðra af virðingu og segja okkar skoðun á heiðarlegan hátt. Við hlustum á alla af áhuga og komumst að sameiginlegri niðurstöðu sem við virðum og fylgjum eftir af einhug.

Umhyggja og nærgætni

Starfsmenn og börn sýni hvert öðru nærgætni og umhyggju og gæti orða sinna. Allir finni að þeir skipta máli í starfi dagsins og virði tíma hvers annars, hjálpast að og ef upp koma ágreiningsmál leggja sig fram við að leysa þau fljótt. Mikilvægt að taka athugasemdum og ábendingum á jákvæðan hátt og læra af mistökunum.

Í byrjun og lok dags leggjum við áherslu á að heilsast og kveðjast með handabandi sem hefur verið ánægjulegur og fræðandi.

Á Bæjarbóli er lögð áhersla á samskipti við báða foreldra. Báðir foreldrar eru hvattir til að hafa virkt netfang í leikskólanum þannig að allar upplýsingar, fundarboð, fréttabréf og viðhorfskannanir berist til beggja foreldra. Bæði feður og mæður eru hvött til að gefa kost á sér í foreldrafélag og foreldraráð. **Báðir foreldrar eru hvattir til að mæta í foreldraviðtöl.**

5. Nám í leikskóla

5.1 Leikur og nám

Mikið reynir á félagslega þáttinn í leikskólauppeldinu þar sem barnið lærir í gegnum leikinn og reynslu sína, að vera einstaklingur í stórum hóp, að taka tillit til annarra og láta taka tillit til sín. Leikurinn er þungamiðja leikskólastarfsins og er barninu eðlislægur. Því höfum við valið að leggja áherslu á frjálsan sjálfsprottinn leik því hann er leið barns til náms og þar er barnið á eigin forsendum. Sköpunarþörf, hugmyndaflug og leikni birtast í leikjum þess og í gegnum leikinn lærir barnið að skilja umhverfi sitt, tjá hugsanir sínar, reynslu og tilfinningar. Leikurinn kallar á samskipti, hreyfingu, áræðni, tilfinningatengsl og á notkun tungumáls.

Hlutverk leikskólans er að styðja við nám barna í gegnum leik á sem fjölbreyttastan hátt, bæði inni og úti. Á Bæjarbóli er lögð áhersla á að umhverfið sé í ákveðnu skipulagi, deildirnar eru svæðaskiptar með fjölbreyttum efniviði og á hverju svæði er unnið með ákveðin efni og er það aðgengilegt börnunum og auðvelt í frágangi. Leik barnanna er gefinn tími og rými í samfellu við aðra þætti.

Yngri börnin prófa hluti með forvitni og hlutverk kennarans er að leiðbeina, leika með og aðstoða með samskipti og ágreining.

Könnunarleikurinn er hluti af námsumhverfi yngstu barnanna en þar fá börnin að leika sér með óhefðbundinn efnivið eins og keðjur, lykla, dósir og lok. Markmið könnunarleiksins er að gefa börnunum tækifæri til að auka reynslu sína og virkja áhuga með efnivið sem hvetur þau til að prófa, skoða og kanna.

Eftir því sem börnin eldast breytist leikur þeirra og efniviðurinn verður flóknar. Samkiptafærni og leikni þeirra eykst og hlutverk kennarans breytist og verður meira, að vera til staðar og fylgjast með þróun leiksins og ef þarf að grípa inn í með viðbótarefniviið, hvatningu og stuðningi.

5.2 Nám í daglegu lífi

Leikskólanám er samþætt nám þar sem barnið er að læra allan daginn við mismunandi aðstæður. Í gegnum athafnir daglegs lífs er hverju barni mætt þar sem það er statt í þroska og kennarar styðja við nám og uppeldismarkmið hjá hverju og einu barni. Á Bæjarbóli leggjum við áherslu á að ákveðinn rammi sé á dagskipulagi frá degi til dags, það veitir börnum öryggi að vita hvað kemur næst og skapar hefð og festu í leikskólastarfinu.

Umönnun og daglegar venjur eru stór hluti af leikskólastarfinu og eru fólgnar í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með því skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust. Lögð er áhersla á að efla sjálfshjálp og sjálfstæði hjá börnunum og kennarar hvetja þau og aðstoða eftir þörfum.

Í upphafi og lok dags
Á Bæjarbóli leggjum við áherslu á að taka vel á móti öllum og kveðja börnin með handabandi í lok dags. Góðar móttökur í upphafi dags og góðar kveðjur í lok dags geta haft áhrif á líðan barnsins og foreldra.

Að klæða sig í og úr
Á Bæjarbóli hvetjum við börnin til sjálfshjálpar og eflum sjálfstæði þeirra. Í fataherberginu læra börnin að klæða sig í og úr og hvaða klæðnaður er viðeigandi fyrir veðurfarið þann daginn. Við leggjum áherslu á að barnið fái tíma til að athafna sig og eigi auðvelt með að ganga um fötin sín. Í fataherberginu þjálfa börnin gróf- og fínhreyfingar, málþroska og sjálfshjálp, þar gefst kennurum oft góður tími til að spjalla við börnin og hjálpa þeim eftir þörfum.

Hreinlæti - dagleg umhirða
Góðar hreinlætisvenjur eru mikilvægar í leikskólanum og fer það eftir aldri og þroska barna hversu mikla aðstoð eða eftirfylgd þau þurfa við hreinlætið. Á Bæjarbóli leggjum við áherslu á góðar hreinlætisvenjur með því að kenna börnunum handþvott eftir salernisferðir, útiveru og fyrir máltíðir. Einnig aðstoðum við börnin með almenna snyrtimennsku s.s. að snýta sér, laga hárið og þurrka sér um munninn.

Matartímar og borðhald
Á Bæjarbóli er lögð áhersla á að matartímar séu róleg stund þar sem börnin eru hvött til að smakka allan mat en borin er virðing fyrir smekk þeirra og magamáli. Matartímar og borðhald hafa mikið uppeldislegt gildi, lögð er áherlsa á að börnin læri almenna borðsiði og að þau hjálpi sér að mestu leyti sjálf eftir því sem færni og þroski segir til um s.s að hella í glös, skera matinn og skammta sér á diskinn. Börnin taka þátt í að leggja á borð og ganga frá. Kennarar sitja til borðs með börnunum og borða með þeim, en þá gefst gott tækifæri til umræðu og fræðslu um mikilvægi hollrar fæðu og að vera góð fyrirmynd. Við tökum mið af samsetningu máltíða út frá leiðbeiningum Embættis landlæknis og eldað er út frá tillögum þeirra að skammtastærðum.

Hvíld
Hvíld er ein af grunnþörfum okkar og er hverju barni nauðsynleg, því höfum við á Bæjarbóli lagt aukna áherslu á að tryggja öllum börnum rólega hvíldarstund eftir hádegismatinn. Hvíldarstundir eru skipulagðar eftir aldri barna, yngri börnin sofa eða hlusta á sögur og eldri börnin leggjast út af og hlusta á sögu, tónlist og fara í jóga einu sinni í viku. Hvíldarstundin á að vera notaleg og róleg samverustund þar sem öllum líður vel og finna til öryggis.

Umgengni
Mikilvægt er að kenna börnum góða umgengni og frágang í daglegu lífi. Við það læra þau að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og eigum. Á Bæjarbóli er lögð áhersla á að börnin taki þátt í frágangi með aðstoð kennara ef þarf og gangi vel um leikföng og annan efnivið.

Samverstundir
Í samverstundum eru lesnar eða sagðar sögur, farið í ýmsa leiki, sungið og spjallað saman. Börnin taka virkan þátt í samverustundum með því að vera fréttamenn, borðþjónar og veðurfræðingar. Veðurfræðingar fræða börnin um veðurfar, klæðnað sem hentar fyrir

útiveru og fara yfir dagatalið. Borðþjónar segja frá því sem er í matinn með tákni með tali og bjóða til borðs. Fréttamenn segja frá einhverju markverðu sem hefur gerst í lífi þeirra eða í útiveru. Á Bæjarbóli eru samverustundir á öllum deildum nokkrum sinnum yfir daginn en tímasetning og lengd hverrar stundar fer eftir aldri barnanna. Áhersla er lögð á að öllum líði vel, allir séu virkir og hafi gaman af.

5.3 Nám í samkiptum

Á Bæjarbóli er lögð áhersla á jákvæð samskipti hjá öllum og áhersla lögð á að allir fái að njóta sín í samskiptum og sýni tillitssemi gagnvart náunganum. Góð samskipti hafa jákvæð áhrif á mótun sjálfsmyndar hjá börnum. Starfsmenn eiga að vera góðar fyrirmyndir barnanna í samskiptum og eiga þau að einkennast af tillitssemi, umhyggju og virðingu.

5.4 Nám í skapandi starfi og hugsun

Umhverfi leikskólans þarf að skipuleggja þannig að það veki forvitni barnanna, áhuga, gleði, frumkvæði og efli sjálfstæði þeirra. Opnar spurningar og hvetjandi tal örvar rökhugsun þeirra og hjálpar þeim að skilja, skynja og skapa. Viðfangsefni til sköpunar í leik, máli, myndlist, tónlist, hreyfingu og dansi gefur börnunum tækifæri til að fást við umhverfið sitt, vinna með fjölbreyttan efnivið og öðlast margþætta reynslu.

Á Bæjarbóli gefst börnum tækifæri til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni sem veitir þeim gleði og vellíðan en um leið áskoranir. Leggjum áherslu á að virkja áhugahvöt, efla sjálfstæði og frumkvæði barnanna til að leita svara, þora að prófa og læra að það er í lagi að gera mistök og skipta um skoðun.

5.6 Námsumhverfi og skipulag

Námsumhverfi leikskólans byggir á aðstöðu hans, inni og úti. Virkni og áhugi kennara hefur mikil áhrif á hvernig við nýtum umhverfið og aðstæður sem best til að mæta námsþörfum barnanna. Húsnæði og skipulag er gott til að mæta þörfum barnanna til að vera í minni hópum og einnig skapast svigrúm fyrir leik barna í stærri hópum. Við leggjum áherslu á fjölbreyttan efnivið sem hæfir þroska barnanna.

Á Bæjarbóli leggjum við áherslu á að raða saman í dagsskipulagið ólíkum athöfnum t.d. kyrrsetu/hreyfingu, frjálsum leik/skipulögðum stundum, og innivera/útivera. Sameiginleg svæði leikskólans eru skipulögð þannig að hver deild gengur að sínu svæði ákveðna daga og skipuleggur starfið út frá því.

Skipulagt hópastarf er frá hausti fram á vor. Yfir sumarmánuðina er frjálsum leik gefið mikið rými í dagsskipulaginu, úti sem inni. Hópaskipting barnanna fer eftir aldri, talið frá þeim yngstu, fjólublár hópur og svo grænn, gulur, rauður og blár.

Nærumhverfi leikskólans nýtist vel sem viðbót við námsumhverfið og býður upp á fullt af tækifærum til rannsókna, upplifana og skemmtilegra leikja. Leikskólinn er staðsettur í grónu hverfi og stutt í margar umhverfisperlur sem við nýtum okkur.

- skólagarða og útikennslusvæði við Jötunheima
- lækirnir og fjaran
- opin leiksvæði á Flötum, Móum og Mýrum
- skólalóðir grunnskólanna (Hofsstaða- og Flataskóla)
- íþróttasvæði við Ásgarð
- hraunið við Flatirnar

Skólalóðin er stór og búin margvíslegum tækjum sem býður upp á fjölbreyttan leik í hæðóttu landslagi.

6. Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar eru settir fram í Aðalnámskrá til að leggja áherslu á annars vegar samfélagsleg markmið og hins vegar markmið um menntun sérhvers einstaklings. Gunnþættirnir eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag.

Grunnþættir menntunar eru:

Læsi (talað mál og ritað, tákn með tali, samræður, málörvun, læsi á umhverfið, samskipti og tölvulæsi)
Sjálfbærni (umgengni, virðing fyrir umhverfinu, skilja samhengi hluta, samábyrgð og nægjusemi)
Lýðræði og mannréttindi (tryggja öllum jafnan rétt, skoðanaskipti, hafa áhrif og val, umburðarlyndi, samkennd, umhyggja, virkni og þátttaka)
Jafnrétti (allir fái að njóta sín, jafna aðstöðumun, viðfangsefni)
Heilbrigði og velferð (andleg og líkamleg heilsa, hvíld, næring, hreinlæti, útivera, hreyfing, vellíðan og umhyggja)
Sköpun (listsköpun, fjölbreyttur efniviður, leikurinn, leikræn tjáning, söngur, tónlist, dans)

Allir þessir þættir setja mark sitt á skólastarfið og er metið hvernig tekst til í endurmati leikskólans.



7. Uppeldisstefna Bæjarbóls

Leikskólastarf og leikskólanám byggist á sérstökum uppeldisaðferðum og hugmyndafræðin er sótt til rannsókna fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast. Á Bæjarbóli byggir leikskólastarfið á hugmyndafræði John Dewey, Heilsustefnunni og SOS hegðunarmótandi aðferð.

Uppeldisstefna Bæjarbóls hefur verið í stöðugri mótun en áherlsan hefur verið á hreyfingu, lífsleikni og gleði í leik og starfi. Árið 2010 fékk leikskólinn viðurkenningu sem Heilsuleikskóli og hefur frá þeim tíma unnið eftir Heilsustefnunni. Þá hefur verið markvisst unnið með góð samskipti og lífsleikni.

Einkunnarorð Bæjarbóls eru **leikgleði, agi og lífsleikni**.
Hugtökin eru nátengd og fléttast saman, barn sem hefur ákveðinn sjálfsaga á auðveldara með að takast á við umhverfið, njóta sín og gleðjast.

Leikgleði: Það er grundvallaratriði í leikskólastarfi að börnum, foreldrum og starfsfólki líði vel. Þegar allir hafa gaman af því sem verið er að gera hefur það jákvæð áhrif á starfið og samskipti allra aðila. Mikilvægt er að taka þátt í gleði barnsins og grípa tækifærið þegar gleðin fær útrás í að gera eitthvað nýstárlegt og leyfa sköpunarþrá barnsins að njóta sín.

Agi: Mikilvægt er að börnin öðlist ákveðinn sjálfsaga, læri reglur í umhverfi sínu og fari eftir þeim. Þannig vita þau líka betur til hvers er ætlast af þeim. Gefa þarf börnum kost á vera þátttakendur þegar settar eru reglur, styðja þau í að fara eftir þeim og leysa úr eigin ágreiningsmálum á friðsælan hátt. Þáttur hins fullorðna er mikilvægur, kennarar eru fyrirmyndir sem börnin læra af.

Lífsleikni: Með lífsleikni er átt við hæfni til að takast á við lífið sjálft og byggist á alhliða þroska barns, færni þess til samskipta, rökrænnar tjáningar og til að bera virðingu fyrir sér og umhverfi sínu. Við leggjum áherslu á að hverju barni sé sinnt af alúð, að því sé sýnd óskert athygli þegar hlustað er á það, horft í augu þess og það látið vita að framlag þess skipti máli. Mikilvægt er að nota hvatningu og hrós, það eflir sjálfstraust barns og styrkir sjálfsmynd þess. Barn með sterka sjálfsmynd sem býr við öryggi og traust, líður betur, er meira tilbúið til að vinna með sitt eigið sjálfræði og er líklegra til að vera í góðum samskiptum, bæði við félaga, foreldra og starfsfólk. Það er hlutverk kennara og foreldra að leiðbeina barninu í mannlegum samskiptum, alltaf og allsstaðar. Við leggjum áherslu á að hjálpa börnunum að leysa ágreiningsmál á jákvæðan og friðsamlegan hátt svo samskipti þeirra einkennist af virðingu. Að þau læri að gleðjast með öðrum og lifa í sátt við sjálft sig og umhverfi sitt.

7.1 Læra af reynslu

Grunnurinn að hugmyndafræði leikskóla er að börn læri best í gegnum leik við önnur börn undir handleiðslu fagfólks. Með hliðsjón af þessu hefur Bæjarból aðhyllst uppeldisstefnu John Dewey en hugmyndafræði hans byggir á því að börn læri í gegnum eigin reynslu og skynjun og að virkja þurfi athafnagleði þeirra, forvitni og gagnrýna hugsun. Dewey telur að börnum sé það meðfætt að læra, þess vegna eiga þau að vera virk í eigin námi. Hann lagði áherslu á lausnamiðað nám, sem byggir á þekkingu og reynslu, ekki á einhverju sem aðrir segja. Ferlið sjálft er lærdómsríkara en útkoman og lausnin.

Við leggjum áherslu á að umhverfi og efniviður sem börnunum er boðið upp á sé nægur og fjölbreytilegur og að starfsfólk geri sér grein fyrir því hvernig umhverfi stuðli að reynslu sem leiðir til þroska.

Leikskóli og heimili þurfa að sameinast um að tengja reynslu barna heima og í leikskólanum saman, þannig nýtist hún börnunum best.

Segðu mér og ég gleymi,
Sýndu mér og ég man,
Leyfðu mér að reyna og ég skil

7.2 Heilsustefna Bæjarbóls

Mikill áhugi hefur verið á heilbrigðu líferni á Bæjarbóli síðan byggt var við leikskólann 2000 og gengum við í samtök Heilsuleikskóla 2009 og fengum viðurkenningu sem Heilsuleikskóli 2010.

Markmið heilsustefnunnar er fyrst og fremst að stuðla að heilsueflingu í leikskólasamfélaginu og eru yfirmarkmið heilsuleikskóla að auka vellíðan og gleði barnanna með áherslu á góða næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Við leggjum áherslu á heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl barnanna til framtíðar.

Til að ná þessum markmiðum höfum við sett okkur undirmarkmið sem eru eftirfarandi:

Næring

- að börnin borði hollan, fjölbreyttan og næringarríkan mat
- að börnin læri almenna borðsiði og sjálfshjálp (matur, magn og samsetning)
- að börnin verði meðvituð um hollustu og óhollustu matar

Á Bæjarbóli er lögð áhersla á hollt mataræði. Uppbygging matseðla tekur mið af ráðleggingum frá Embætti landlæknis fyrir leikskóla og er lögð áhersla á fjölbreyttan og hollan heimilismat þar sem markmiðið er að bjóða upp á eins ferskan og lítið unninn mat og kostur er en draga úr neyslu á sykri, fitu og salti. Boðið er upp á soðið eða ferskt grænmeti í hádegi og ávaxtabita í morgun- og síðdegishressingu. Þá er vatn alltaf aðgengilegt fyrir börnin, inni á deildum og í drykkjarfonti á gangi.

Hreyfing

- stuðla að betri hreyfifærni (samhæfingu, styrk og þol)
- ná valdi á snerti-, jafnvægis- og stöðuskyni
- styrkja sjálfsmynd, sjálfstraust og þor
- læra hugtök og líkamsheiti

Á Bæjarbóli leggjum við mikla áherslu á hreyfingu því hreyfing hefur áhrif á allan annan þroska. Börn á leikskólanum eiga að fá tækifæri til æfinga og leikja sem efla líkams- og hreyfifærni. Öll hreyfing stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan. Með æfingum sem eru þroskandi fyrir skynstöðvarnar, komum við til móts við þarfir líkamans og nálgumst meginmarkmið hreyfinámsins, sem er að ná valdi á snerti-, jafnvægis- og stöðuskyni.

Hreyfiþjálfun fer fram í íþróttasal leikskólans og í Ásgarði þar sem unnið er eftir markvissri skipulagðri hreyfiáætlun sem tekur mið af aldri barnanna. Þar leggjum við áherslu á leiki, stöðvaþjálfun, þrautabrautir, íþróttalíkaleiki, teygjur og slökun. Börnunum er skipt niður í litla hópa. Hvert barn fer í skipulagða hreyfistund einu sinni í viku sem hefur upphitun, aðalefni, teygjur og slökun. Einnig notum við salinn í frjálsum leik en þá fá börnin tækifæri til að leika frjálst með þann búnað sem er í salnum. Útisvæðið er nýtt til þjálfunar á grófhreyfingum, börnin fara út tvisvar á dag. Á öllum deildum leikskólans er farið í gönguferðir einu sinni í viku.

Listsköpun í leik

- örva sköpunargleði og fá útrás fyrir hugmyndir
- auka hugmyndaflug og fjölbreytni
- kynnast mismunandi efnivið og handfjatla hann
- skynja form og fegurð í umhverfinu

Listsköpun og skapandi starf eru mikilvægir þættir í umhverfi ungra barna þar sem hugmyndir og sköpunarþörf er óþrjótandi. Lögð er áhersla á að efla sjálfstæði og virkni barnanna í skapandi starfi með því að bjóða upp á fjölbreyttan efnivið og tækifæri til sjálfstæðra úrlausna. Börnin fá að kynnast fjölbreyttum aðferðum, efnum og áhöldum, sem opna möguleika á fjölbreyttu og skapandi starfi og listformi t.d. myndlist, tónlist og leiklist. Lögð er áhersla á ferlið sjálft og gleðina í sköpuninni fremur en útkomuna því af ferlinu læra þau mest.

7.3 Jákvæður agi – Jákvæð sjálfsmynd

Á Bæjarbóli er lögð áherlsa á jákvæðan aga. Reglur eru fáar og einfaldar. Við temjum okkur að segja börnunum hvað sé í boði til að umhverfið og reglurnar í leikskólanum séu sem skýrastar. Notast er við SOS hegðunarmótandi aðferð til að beita aga á jákvæðan og viðurkenndan hátt. SOS aðferðin byggist á kenningum atferlisfræðinga. Mikilvægt er að efla sjálfmynd barna, hrósa þeim og hvetja þegar við á. Lögð er áhersla á að kennarar sýni börnunum virðingu í öllum samskiptum og að barnið læri að virðing og náungakærleikur sé forsenda mannlegra samskipta. Jákvæð afstaða til barnsins, umburðarlyndi, umhyggja, tillitssemi og réttsýni er haldgóð fyrirmynd í leikskólastarfi.

8. Samþætt og skapandi leikskólastarf

Leikskólastarfið er samþætt og skapandi nám, þar sem börnin læra af öllu sem þau gera allan daginn, úti og inni, í frjálsum og skipulögðum leik, skipulögðu starfi og daglegum athöfnum. Börnin læra samskipti og samvinnu við önnur börn og fá stuðning frá starfsfólki sem hvetur og leiðbeinir þeim til að nýta hæfileika sína. Námssvið leikskólans fléttast saman í öllu starfi leikskólans allan daginn, þar sem námsumhvefið hefur mikil áhrif.

9. Námssvið leikskólans

9.1 Læsi og samskipti

Læsi felur í sér meiri þekkingu en að lesa stafi af bók, það felur í sér færni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá eigin tilfinningar og upplifun sína. Leikurinn og öll samskipti auka félagsfærni og styrkja sjálfsmynd barna. Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til tjáskipta og í frumbernsku og á leikskólaaldri er lagður grunnur að málþroska barna. Það eykur færni þeirra til að taka tillit til annarra og leysa ágreining með orðum.

Á Bæjarbóli er unnið með læsi í öllu daglegu starfi. Lögð er áhersla á sjónrænt skipulag inn á deildum þar sem börnin læra að lesa í umhverfið sitt. Notað er tákn með tali á öllum deildum og sérstaklega með yngri börnunum og börnum sem þurfa sérstakan stuðning við málið. Í leik og starfi með börnunum leggjum við áherslu á að efla hugtakaskilning þeirra og nýtum okkur leikföng, spil, tölvur, fingrabrúður, persónubrúður, dans, hringleiki, loðtöflusögur og sögur með engri bók. Börnin æfa einnig framsögn með því að standa upp fyrir framan hópinn og segja frá einhverju.

Tveir elstu árgangar leikskólans eru í markvissri málörvun tvisvar í viku og þar er lögð áhersla á rím, hlustun og farið í létta leiki. Elstu börnin æfa einnig samstöfur, orð og setningar.

Á Bæjarbóli taka allir þátt í verkefninu Lesmál. Bók er lesin, hún rædd og orð úr sögunni valin til skoðunar. Innihald sögunnar er krufið eftir því sem aldur og þroski barnanna leyfir. Barnið kynnist ritmálinu fyrst í gegnum leik og smátt og smátt lærir það bókstafi, áttar sig á lestrarátt og að orð eru búin til úr hljóðum sem það þekkir.

Í vettvangsferðum læra börnin á nærumhverfi sitt og skoða skilti og kennileiti í nágrenninu, þannig læra þau að lesa umhvefið sitt og verða öruggari.

Læsi og samskipti birtast í eftirfarandi áherslum á Bæjarbóli:

Almenn málörvun	Samskipti, talað mál, líkamstjáning, leikurinn, matartímar, útivera, fataherbergi og allar daglegar athafnir.
Markviss málörvun	Samverustundir, lesmál, lestur og hlustun, söngur, markviss málörvun, bókin mín.
Ritmálið	Pappír, skriffæri, sjónrænar merkingar, nöfn barnanna, bókstafir, tölustafir, ritað mál, skilaboð, tölvur, iPada.
Framsögn	Veðurfræðingur, borðþjónn, fréttamaður, kynnir í sal, elstu barna verkefni.
Lífsleikni – samskipti	Dagleg samskipti, þema, frjáls leikur, hreyfing.
Umhverfi	Vettvangsferðir, gönguferðir, útikennsla, veður, árstíðir.

9.2 Heilbrigði og vellíðan

Á Bæjarbóli er lögð mikil áhersla á að börnunum líði vel í skólanum og búi við öryggi og vellíðan. Leikskólinn býður upp á mat þar sem stuðst er við matseðla frá Embætti landlæknis. Við matarborðið er lagt upp úr snyrtimennsku og góðum siðum. Börnunum er kennt að passa upp á hreinlæti og öll börn þvo hendur fyrir mat og eftir klósettferðir. Öll börn fara í hvíld eftir hádegismatinn, yngstu börnin sofa og börnin sem eru hætt að sofa leggjast á dýnu með kodda og hvíla sig, hlusta á rólega tónlist, sögur eða fara í jóga.

Í daglegu starfi leikskólans er unnið að efla sjálfsmynd barnanna og kenna þeim að tjá tilfinningar sínar. Lagt er upp úr að sýna öllum börnum umhyggju, virðingu og hlýju til að þau fái að njóta sín og dafna.

Börn á leikskólanum Bæjarbóli fá tækifæri til æfinga og leikja sem efla líkams- og hreyfiþroska. Öll hreyfing stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan. Með æfingum sem eru þroskandi fyrir skynstöðvarnar, komum við til móts við þarfir líkamans og nálgumst meginmarkmið hreyfinámsins, sem er að ná valdi á snerti-, jafnvægis- og stöðuskyni.

Skólinn eflir heilbrigði barna og notar til þess margar leiðir. Hollt mataræði, hreyfing og hvíld hafa jákvæð áhrif og vinna gegn skaðlegum áhrifum álags. Samkennd og stuðningur og virðing efla heilbrigði og vellíðan og miklu skiptir að eiga samleið með öðrum, njóta viðurkenningar og geta tilheyrt hópnum.

Heilbrigði og vellíðan birtast í eftirfarandi áherslum á Bæjarbóli:

Hreyfing	Markviss hreyfing einu sinni í viku í salnum, bláu börnin fara tvisvar í mánuði í Ásgarð, íþróttadagur í maí, útihreyfing hjá gula, rauða og bláa hóp í maí, frjáls leikur í salnum og rauði hópur heimsækir íþróttahúsið í Ásgarði.
Útivera	Útivera einu sinni til tvisvar á dag, gönguferð einu sinni í viku, útikennsla í nánasta umhverfi leikskólans, útskriftarferð barnanna í bláa hóp, rauði og blái hópur fara í Heiðmerkurferð.
Hvíld og slökun	Yngstu börnin sofa eftir hádegismat, önnur börn leggjast á dýnu og slaka á og hlusta á rólega tónlist eða sögu. Blái og rauði hópur fara í jóga einu sinni í viku.
Snyrtimennska	Öll börn þvo hendur fyrir allar máltíðir, eftir útiveru og eftir klósettferðir.
Tannvernd	Í Tannverndarviku fræðast börnin um tannvernd.

9.3 Sjálfbærni og vísindi

Sjálfbærni er einn af grunnþáttum leikskólstarfsins. Markmið sjálfbærni er að börn og starfsfólk átti sig á að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skipta máli í nútíð og framtíð. Sjálfbærni byggist á þekkingu, gildum og viðhorfum um náttúruna og mannlegt samfélag. Með sjálfbærni er unnið að því að allt fólk búi við ásættanleg lífsgæði en samhliða því séu náttúrulögmál virt og auðlindum viðhaldið fyrir komandi kynslóðir. Lýðheilsa, þar sem hver einstaklingur lærir að bera ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu, er hluti af sjálfbærni.

Börn eiga að fá margvísleg tækifæri til að kynnast náttúrunni og umhverfinu á fjölbreyttan hátt með daglegri útiveru, gönguferðum og ferðum í sveit og fjöru. Með því að upplifa læra börnin að kynnast landinu sínu, bera virðingu fyrir því og nota þekkingu, upplifun/reynslu sína í leik og listsköpun.

Í leikskólanum fá börnin að komast í lifandi tengsl við náttúruna og þau frædd um hana á eðlilegan og árangursríkan hátt. Hin lifandi náttúra er kjörinn leikvangur fyrir börnin þar sem þau geta leikið sér frjálst, hlaupið, klifrað, hoppað og stokkið. Þar gefst einnig tækifæri til að kynna þau fyrir margvíslegum dýrategundum, jurtum og fyrirbærum. Þar sem Bæjarból er skóli á grænni grein leggjum við ríka áherslu á umhverfismál til dæmis með endurvinnslu og flokkun sorps og taka börnin virkan þátt í þeirri vinnu.

Sjálfbærni og vísindi birtast í eftirfarandi áherslum á Bæjarbóli:

Vettvangsferðir	Upplifun árstíða, tilfinning fyrir vegalengdum/rými, veðurfari og öðlast umferðarþekkingu.
Útivist/útinám	Fræðast um skordýr, blóm, tré og fugla.
Gróðursetning/uppskera	Rækta kartöflur og grænmeti í skólagörðunum.
Útskriftarferð og sveitaferð	Elstu börnin fara i útskriftarferð, fara í ratleik og skoða náttúruna. Foreldrafélagið býður upp á sveitaferð á vorin eða vorhátíð.
Stærðfræði og rannsóknir	Stærðfræði og tilraunir í daglegu lífi og verkefnastundum. Rannsóknir t.d. vatn,skordýraskoðun, bræða snjó og klaka.
Endurvinnsla	Endurvinnum t.d. pappír, plast, ál og moltugerð.
Hreinsunardagar í Garðabæ	Hreinsum nánasta umhverfi leikskólans.
Umhverfismennt almennt	Bera virðingu fyrir náttúrunni. Flokka sorp og tína rusla á vegi okkar.
Veðurfræðingur	Kanna veðurfar og upplýsa hvort annað um það og hvernig á að klæða sig.

9.4 Sköpun og menning

Sköpun er ríkur þáttur í námi og þroska barnanna. Eitt af undirmarkmiðum heilsuleikskóla er listsköpun í leik þar sem leitast skal við að örva sköpunargleði barnanna og auka hugmyndaflug. Börnin fá að kynnast mismunandi efnivið, handfjatla hann og að skynja fegurð í umhverfi sínu.

Á Bæjarbóli hafa börnin frjálsan aðgang að ákveðnum efnivið s.s. skærum, litum, límí, blöðum, leir og fleiru þar sem þau geta framkvæmt sínar hugmyndir. Einnig bjóðum við þeim að takast á við mismunandi verkefni undir leiðsögn kennara. Við vinnum út frá ákveðnum hugmyndum, en alltaf er lögð áhersla á sköpunarferlið sjálft en ekki afraksturinn. Mikilvægt er að börnin finni til vellíðunar og gleði og séu óhrædd við að prófa sig áfram með margvíslegan efnivið. Aldur og þroski barna ræður hvaða efnivið og áhöld eru notuð hverju sinni en eftir því sem færni þeirra og hugmyndaflug eykst verða verkefnin meira krefjandi. Við berum virðingu fyrir verkum barnanna, gleðjumst yfir þeim og gerum þau sýnileg.

Helstu þættir í tónlistariðkun barna í leikskóla eru söngur, hreyfing, hlustun, og leikur með hljóðgjafa. Börnin syngja saman í samverustundum og æfa þar eitt lag á viku til að koma fram og syngja fyrir hin börnin í söngstund á sal þar sem allar deildir leikskólans koma saman og syngja. Hljóðgjafar eru notaðir og kynntir fyrir börnunum í samverustundum. Tónlist er hluti af hreyfingu í sal og er undirspil í hreyfileikjum, slökun og dansi. Börnin hlusta einnig mikið á tónlist í frjálsum leik og í hvíldarstundum. Geisladiskaspilarar eru á öllum deildum.

Barnamenning er mjög samofin starfi leikskólans og teygir anga sína inn í allt leikskólastarfið og tengist leik barna, skapandi starfi, menningu og lýðræði.

Sköpun og menning birtast í eftirfarandi áherslum á Bæjarbóli:

Myndsköpun	Fjölbreyttur efniviður, áhöld, tæki, þemastund , frjálsum leik og rólega stundir á morgnanna þar sem unnið er með fínhreyfingar.
Tónlist	Hljóðfæri, geislaspilarar, söngur, söngstundir, hlustun, dans.
Leikræn tjáning	Frjáls leikur, samsverustundir, söngsalur, hreyfistundir, leikræn tjáning.
Hefðir og siðir	Dagur íslenskrar tungu, dagur leikskólans, þorrablót, jól, afmæli, bollu-, sprengi- og öskudagur, íþróttadagur og páskar.
Menning í Garðabæ	Listadagar barna og ungmenna.
Leiksýningar, tónleikar	Tónlistar- og leiksýningar í leikskólanum, sinfóníutónleikar, Þjóðleikhúsið og börnin setja upp leikrit.

10. Þema

Þemað er ákveðið viðfangefni sem við tökum fyrir í hópastarfi yfir vetrarmánuði. Unnið er út frá barninu og yfirheitið er því alltaf **„Ég sjálf-ur og ...“** Er það hluti af lífsleikninni hjá okkur að vinna ætíð út frá barninu. Bæjarból hefur unnið frá 2001 með þrjú þema sem rúlla hvert á eftir öðru. Námssviðin fléttast öll inn í þemað hjá okkur mismunandi mikið eftir því hvaða áherslur eru hverju sinni. Að hausti koma börn, starfsfólk og foreldrar að gerð hugmyndabanka sem unnið er eftir í þemastundum yfir veturinn.

Þemað er:
Ég sjálf-ur og lífsleikni (vinátta, samskipti, tilfinningar og líkamsvitund)
Ég sjálf-ur og umhverfið (leikskólinn, nánasta umhverfi og grenndarkynning)
Ég sjálf-ur og listir (myndlist, tónlist og leiklist)

11. Hefðir og hátíðir

Barn kynnist smám saman því samfélagi sem það lifir í. Leikskólinn mótast af þeim ytri skilyrðum sem hann býr við og nýtir þau menningarlegu og félagslegu tækifæri sem umhverfi hans og staðsetning gefur kost á. Börn búa við mismunandi uppeldisskilyrði, eru úr ólíkum fjölskyldugerðum og eru af ólíku bergi brotin. Leikskólinn tekur tillit til þess samfélags sem hann tilheyrir í starfi sínu og skólanámskrár.

Í leikskólanum höldum við í ýmsar hefðir og hátíðir sem hafa skapast í áranna rás. Þær helstu eru:

Heiðmerkurferð
Á haustin fer blái hópur leikskólans í haustferð í Heiðmörk og að vori rauði hópur. Hóparnir fara í skógarferð og það er farið í leiki, náttúran skoðuð og borðað nesti.

Dagur íslenskrar tungu
Dagur íslenskrar tungu er haldinn 16. nóvember ár hvert. Börn og starfsfólk hittast á sal og lesið er ljóð, sögur, þulur, dansað og sungin íslensk lög.

Opin vika
Fastur liður í foreldrasamstarfi er opin vika í nóvember í tengslum við afmæli leikskólans 15. nóvember þar geta foreldrar komið og notið þess að vera með börnunum sínum í starfinu.

Heimsókn rauða hóps í íþróttahúsið Ásgarð
Rauði hópur fer í desember og heimsækir Ásgarð ásamt kennurunum sínum og íþróttakennaranum. Í salnum er börnunum skipt upp í hópa og allir fá að fara á nokkrar stöðvar.

Jólagleði

Jólagleði er haldin í desember. Börn og starfsfólk klæða sig upp og dansað er í kringum jólatréð og jólasveinar koma í heimsókn. Í hádeginu er boðið upp á hátíðarmat og eftir hádegi er leiksýning fyrir börn og starfsfólk leikskólans.

Foreldrakaffi
Foreldrum er boðið að koma í jólaheimsókn og þiggja kaffisopa og smákökur sem börnin hafa bakað og kynnast jólaundirbúningi á leikskólanum.

Þorrablót
Á bóndadegi er haldið þorrablót í leikskólanum. Börn og starfsfólk koma saman á sal, syngja saman þorralög og skoða gamla muni. Í hádegismat er boðið upp á þorramat og sungið hátt við matarborðið.

Bolludagur og sprengidagur
Á þessum dögum er haldið í matarmenningu okkar Íslendinga og boðið upp á bollur og saltkjöt og baunir.

Öskudagur
Á öskudegi mega börnin koma í búningum/furðufötum í leikskólann og haldin er öskudagsskemmtun í salnum þar sem starfsfólk leikur leikrit fyrir börnin og dansað saman.

Dagur leikskólans / ömmu og afa heimsókn
Dagur leikskólans er 6. febrúar og þá bjóðum við ömmu og afa í heimsókn í leikskólann síðdegis. Sama dag að morgni bjóðum við foreldrum barna í rauða hóp leikskólans á kynningu á starfi elstu barnanna. Þennan dag eru allir velkomnir í heimsókn.

Íþróttadagur
Íþróttadagur leikskólans er haldinn í maí. Leikskólanum er skipt upp í þrjá hópa eftir aldri. Einn hópur fer út í garð í einu og tekur þátt í 6 – 8 stöðvum. Á hverri stöð er kennari sem stjórnar þrautinni. Allir fá að fara á allar stöðvar. Í hádegismat fá börnin “íþróttamat”, kalt pasta með grænmeti og ávöxti.

Vorferð eða vorhátið
Vorferð/vorhátíð leikskólans er í maí og er hún skipulögð af foreldrafélaginu. Farið er í heimsókn á bóndabæ og dýrin skoðuð eða haldin hátíð í garði leikskólans.

Listadagar barna og ungmenna
Listadagar barna og ungmenna í Garðabæ eru haldnir annað hvert ár. Allir skólar bæjarins taka þátt og unnið er út frá ákveðnu þema sem skólarnir ákveða í sameiningu.

Útskrift og útskriftarferð
Sérstök útskrift er í maí þar sem börnin hittast á sal og eru útskrifuð, foreldrar þeirra og börnin í rauða hóp eru viðstödd útskriftina. Að lokinni útskrift er lagt af stað í útskriftarferð með rútu á útivistarsvæði þar sem við dveljum það sem eftir er dags. Farið er í leiki, ratleik, frjálsan leik og að lokum grillaðar pylsur.

12. Brúum bilið – tengsl skólastiga

Lögð er áhersla á gott skipulag með skýrum markmiðum í tengslum leik- og grunnskóla. Litið er á lok leikskólagöngu og upphaf grunnskólagöngu sem breytingatímabil fyrir alla fjölskylduna. Tengsl skólastiga þurfa að vera sveigjanleg og byggja á þörfum og áhuga barnsins, foreldra og starfsmanna skólanna og eru allir hafðir með. Stuðla skal að samfellu náms og komið er í veg fyrir endurtekningar. Í Garðabæ vinnum við eftir samstarfsverkefni „Brúum bilið“ og hefur það verið til frá árinu 1997.

Helstu markmið eru

Tengja saman skólastigin
Skapa samfellu í námi barna
Auka þekkingu og skilning á starfi kennara á báðum skólastigum
Stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla
Skapa leiðir til að miðla upplýsingum á milli skólastiga

Leikskólar hafa einn grunnskóla sem samstarfsskóla og okkar samstarfsskóli er Flataskóli. Í ágúst/september ár hvert hittast tengiliðir samstarfsskóla og vinna áætlun að samstarfi skólaársins. Sú áætlun felur í sér að unnið er að sameiginlegum verkefnum, mánaðarlegum heimsóknum og að faglegar umræður eigi sér stað milli leik- og grunnskólakennara með það fyrir augum að skapa samfellu í námi barna og öðlast sameiginlega sýn á nám þeirra. Lögð er áhersla á að unnið sé markvisst með þætti er varða bernskulæsi svo sem markvissa málörvun og orðaforðakennslu. Einnig unnið með stærðfræðihugtök á báðum skólastigum út frá hlutlægum viðfangsefnum svo sem einingakubbum.

Vorskóli er haldinn í maí fyrir öll börn. Fyrirkomulag vorskóla er skipulagt í samstarfi við skóladeild Garðabæjar og fara börnin í sinn skóla í fylgd foreldra eða starsfólks leikskóla eftir nánara samkomulagi.

Almennar upplýsingar um félagslega stöðu og þroska barna skulu fylgja öllum börnum frá leikskóla og yfir í grunnskóla. Þær upplýsingar byggja á reglugerð nr. 897/2009. Þar koma fram upplýsingar sem gagnast grunnskólum til að taka sem best á móti hverju barni. Deildarstjórar yngri deilda og deildarstjóri sérkennslu grunnskóla heimsækja alla leikskóla í maí ár hvert og eru þeim afhentar upplýsingarnar. Foreldrar eru upplýstir um hvaða gögn og upplýsingar fylgja börnunum þeirra. Talmeinafræðingar skólaskrifstofu skila niðurstöðum úr Hljóm2, úr MM-skimun leikskóla og niðurstöðum úr skimun talmeinafræðinga til umsjónarkennara 1. bekkjar og deildarstjóra yngri deilda á fundi í ágúst/september ár hvert.

13. Foreldrasamvinna

14.1 Foreldrasamstarf

Í byrjun leikskólagöngu boðum við foreldra í foreldraviðtal þar sem starf leikskólans er kynnt, foreldrar ganga frá vistunarsamningi og skrá upplýsingar um barnið. Leikskólastjóri fer yfir og afhendir foreldrum bækling um leikskólann og ráðleggingar varðandi veikindi frá Heilsugæslustöð Garðabæjar. Deildarstjóri sýnir foreldrum leikskólann og kynnir þá fyrir starfsfólki deildarinnar.

Aðlögun nýrra barna er skipulögð í samráði við foreldra en almennt er gert ráð fyrir viku til aðlögunar.

Áhersla er lögð á góð dagleg samskipti þegar foreldrar koma með og sækja barn sitt. Barnið dvelur stóran hluta dagsins í leikskólanum og því er nauðsynlegt fyrir starfsmenn að vita um líðan barnsins og venjur heima fyrir og að foreldrar fái upplýsingar um hvernig dagurinn í leikskólanum gekk. Oft veldur lítið atvik, hvort sem er í leikskólanum eða heima, því að hegðun barnsins er ekki söm og áður. Geta þá upplýsingar auðveldað foreldrum og starfsmönnum að vinna úr þeim málum.

Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári, eitt að hausti og þá er kynning á vetrarstarfinu og annað að vori, þar sem farið er yfir heilsubók barnsins. Foreldrar fá upplýsingar um starfið á hverjum degi á upplýsingatöflum fyrir framan hverja deild, í fréttabréfi þrisvar sinnum yfir árið og með tölvupósti. Á heimasíðunni höfum við lagt áherslu á að setja inn fréttir og ljósmyndir úr starfinu á deildarsvæðin. Flestar upplýsingar um starfið má finna á heimasíðu leikskólans og þar má sjá matseðil vikunnar.

Foreldrar barna eru ávallt velkomnir í heimsókn og geta alltaf hringt í leikskólann til þess að spyrjast fyrir um líðan barnsins. Starfsmenn leikskólans hringja einnig heim ef eitthvað sérstakt kemur upp á.

14.2 Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Ákveðin fjárhæð er greidd í foreldrasjóð og stendur hún straum af ýmsum ferðum og uppákomum fyrir börnin. Gjald í foreldrasjóð er innheimt mánaðarlega með leikskólagjaldi en er ekki innifalið í gjaldinu.

14.3 Foreldraráð

Í foreldraráði sitja að lágmarki þrír foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur og skal vera umsagnaraðili um skólanámskrá og aðrar áætlanir.

14.4 Foreldrafundir og heimsóknir

Fundir eða heimsóknir eru allt að fjórum sinnum á ári.
Aðalfundur foreldrafélagsins þar sem kosin er ný stjórn og starfsemi þess kynnt.

Opin vika í nóvember í tengslum við afmæli leikskólans þar sem foreldrar geta komið og verið með börnunum sínum í starfinu.
Foreldrakaffi er í desember.
Opið hús er einu sinni á ári. Það er á laugardegi að vori og bjóða þá börnin fjölskyldunni að heimsækja leikskólann sinn.
Á Útskrift bláa hóps á vorin eru foreldrar velkomnir.

14. Mat á námi og velferð barna

Mat á námi og velferð barna er mikilvægur þáttur í leikskólastarfi og felur í sér að safna upplýsingum um það sem börnin hafa áhuga á, getu þeirra og hæfni. Upplýsingarnar notar leikskólinn til að styðja við nám og velferð barna við skipulagningu starfsins og í samstarfi við foreldra. Foreldrar búa yfir mikilvægum upplýsingum um líðan, getu, styrkleika og áhuga barna sinna.

Mat á námi og velferð barna er einstaklingsmiðað til þess að efla megi hvert barn. Matið er unnið með fjölbreyttum aðferðum og metnir eru félagslegir og námslegir þættir hjá barninu.

Við upphaf leikskólagöngu á Bæjarbóli fær hvert barn Heilsubók barnsins. Í hana er skráð heilsufar, hæð og þyngd, næring og svefn, lífsleikni, hreyfing og listsköpun.

Skráning í Heilsubók fer fram tvisvar á ári, haust og vor og er farið yfir hana í foreldrasamtali að vori. Skráningin gerir starfsfólki kleift að fylgjast með þroskasögu barnsins og upplýsa foreldra um barnið. Börnin sýna hæfni, getu og áhuga á ólíkan hátt og Heilsubókin auðveldar okkur að meta styrk hvers og eins. Þá getur starfsfólk betur mætt hverju barni þar sem það er statt og byggt ofan á styrkleika þeirra. Þegar leikskólagöngu lýkur er Heilsubókin eign barns og foreldra.

Könnun á áhuga og líðan barna er gerð á vorin og starfsfólk ræðir niðurstöður og tekur tillit til þeirra í endurmati leikskólans á starfinu.

Fylgst er með málþroska barna í bláa hóp og notað til þess matslista s.s. Hljóm – 2, hljóð- og málvitundarkönnun og einnig eru þau skimuð að hausti og vori af talmeinafræðingi bæjarins.

15. Mat á leikskólastarfi

Mat á starfi leikskólans er bæði formlegt og óformlegt. Skráning á öllum stundum og endurmat í lok þeirra vekur starfsfólk til gagnrýnnar hugsunar á hvað gekk vel og hvað ekki. Í lok annar er unnið endurmat.

Formlegt mat fer fram einu sinni á ári, að jafnaði í maí. Við sjálfsmatið leggja starfsmenn leikskólans mat á uppeldisstarfið, stjórnunarhætti og samskipti bæði innan og utan leikskólans. Í sjálfsmatinu er ætlað að meta virkni gæðakerfisins, að leggja grundvöll að umbótum á leikskólastarfinu, að auka gæði leikskólastarfsins og gera það skilvirkara. Sjálfmatið á að leiða í ljós hvort stefnu leikskólans hefur verið fylgt og markmiðum náð og hvort umbóta er þörf.

Leitað er eftir viðhorfum foreldra og barna til að gefa þeim tækifæri til að hafa áhrif á starfið, með spurningalistum eða samræðum. Niðustöður mats eru birtar í ársskýslu og á heimasíðu leikskólans.

16. Starfsáætlun

Starfsáætlun er unnin fyrir hvert skólaár og nær frá september til ágúst ár hvert og er gerð í samstarfi við foreldra og börn.
Í starfsáætlun koma fram helstu verkefni og áherslur í starfi með börnum, foreldrasamstarfi, starfsmannahaldi og nýbreytni.

17. Yfirumsjón og sérfræðiþjónusta

Málefni leikskóla Garðabæjar heyra undir fræðslu- og menningarsvið, en leikskólafulltrúi hefur eftirlit með faglegu starfi og rekstri leikskólans.

Í lögum um leikskóla segir að á vegum sveitafélaga sé rekin sérfræðiþjónusta fyrir leikskóla. Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Það er á hendi sveitafélaga að ákveða fyrirkomulag sérfræðiþjónustu en þau skulu stuðla að því að hún geti farið fram innan leikskólans.

Í lögum um leikskóla segir einnig að börn, sem þurfa sérstaka þjálfun og aðstoð, að mati viðurkenndra greiningaraðila, eiga rétt á slíkri þjónustu í leikskólanum. Í gildi eru verklagsreglur um úthlutun sérkennslutíma vegna einstakra barna og á Bæjarbóli er auk þess sérkennslustjóri í fullri stöðu og einu sinni í viku kemur talmeinafræðingur hálfan daginn.

Megin verkefni sérkennslustjóra eru að bera ábyrgð á og stjórna skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar í leikskólanum ásamt leikskólastjóra. Sérkennslustjóri er einnig faglegur umsjónarmaður sérkennslu í leikskólanum, annast frumgreiningu og ráðgjöf til annarra starfsmanna leikskólans.

Á Bæjarbóli er sérkennslan útfærð með þeim hætti að unnið er með litla barnahópa til að örva og styrkja mismunandi þroskaþætti. Hugmyndafræði um nám án aðgreiningar er okkar leiðarljós þar sem við teljum að börn læri best í samskiptum við önnur börn. Í okkar huga er hvert og eitt barn einstakt og taka þarf tillit til þarfa allra. Við teljum nauðsynlegt að börnin fái að blómstra í leikskólanum og styrkleikar þeirra fái notið sín.

Ó, tel ei leikstarf lítilsvert,
Það lífið fyllir gleði, snilld og prýði.
Í anda leiks var allt hið besta gert,
hin æðsta list, hið dýrsta töfrasmíði.

Því lærðu að vera lítið saklaust barn
Í leik við allt og jafnvel sjálfa elli,
svo verði lífsins kalda hörkuhjarn
að himinspegli, sléttu skautasvelli.

Steingrímur Arason.